

Inngangur

Heilabilun er mjög algengur sjúkdómur meðan eldra fólks. Heilabilun getur valdið það mikilli skerðingu á andlegri virkni í daglegu lífi fólks að það þarf aðstoð við einföldustu athafnir. Fatlað fólk fær líkt og ófatlað fólk heilabilunar sjúkdóma á borð við Alzheimers-sjúkdóm. Sjúkdóm sem er ólæknandi og nauðsynlegt að þeir sem þjást af slíkum sjúkdómi fái næga umönnun og félagslegan stuðning, bæði frá samfélaginu og aðstandendum.

Þeir sem annast sjúklinga með Alzheimers þurfa að gera sér grein fyrir hversu mikilvægt starf þeirra er og að umönnun og skilningur á sjúkdómnum séu í fyrirrúmi.

Heilabilun eða Alzheimers er mjög algengur sjúkdómur hjá eldra fólki. Mjög mikilvægt er fyrir þá sem að annast sjúklinga með Alzheimers að kynnst sjúklingunum persónulega og þeir þurfa að þekkja hagi þeirra og venjur. Þurfa að kynna sér fortíð hans, ævistarf, áhugamál og aðra hluti sem skipta máli. Alzheimers-sjúkdómurinn orsakast af ytri einkennum heilabilunar sem orsakast af ýmsum mismunandi truflunum í heila en þessar breytingar er ekki hægt að sjá nema með smásjá og er eðli þeirra flókið. Þær fela það í sér að mikill fjöldi taugafruma í ytra lagi heilans starfa ekki.

Þeir einstaklingar sem fá Alzheimers-sjúkdóm eru ekki einungis heilbriggt fólk. Fólk með fötlun svo sem Down's-heilkenni getur líka fengið Alzheimers-sjúkdóm. Talið er að 50% meiri líkur séu á því að einstaklingur með Down's-heilkenni fái Alzheimers-sjúkdóm. Down's-heilkenni er algengasti litningagallinn sem veldur þroskahömlun.

Þegar þessir einstaklingar eldast geta þeir einnig auðveldlega fengið Alzheimers-sjúkdóm líkt og amma þín sem telst heilbrigð. Þar eru engar reglur fyrir því hverjir fá þennan sjúkdóm og hverjir ekki. Þjónusta við aldraða og fatlaða hér á landi er bundin ákveðnum lögum og reglum. Boðið er uppá margskonar þjónustu fyrir aldraða og fatlaða svo sem dagvistun, heimaþjónustu, hvíldarinnlagnir og ýmiss konar stofnanir. Sérlæg hafa verið sett um málefni fatlaðra. Markmið laganna um málefni fatlaðra er að tryggja fötluðum jafnan rétt til sambærilegra lífskjara og þjónustu á við aðra samfélagsþegna til að lifa eðlilegu lífi.

Markmiðið með ritgerð þessari er meðal annars að fjalla um heilabilun sem slíka og þá þætti sem snúa að henni. Við þrengjum svo umfjöllunarefnið og förum ítarlegra í

Alzheimers-sjúka einstaklinga og Alzheimers-sjúka með þroskahömlun. Við erum að kanna þá dagþjónustu sem boðið er uppá fyrir Alzheimers-sjúka og einnig er kannað hvort fatlaðir með Alzheimers-sjúkdóm geti nýtt sér þá almennu þjónustu sem í boði er. Við leggjum mikla áherslu á góða þjónustu við fullorðna fatlaða og förum nánar í hvort þörfum þeirra í dagþjónustu sé fullnægt. Við förum í vettvangsheimsóknir til að kanna aðstöðu fyrir fatlaða Alzheimers-sjúka einstaklinga í dagþjónustu og er þjónustan mismunandi. Við kynntum okkur starfsemi í Gerðubergi sem er menningarmiðstöð og býður upp á félagsstarf sem lýtur bæði að hug og hönd. Fríðuhús sem er dagþjónusta fyrir Alzheimers-sjúklinga, Landakotspítala þar sem unnið er með endurminningar verkefni og síðan Húsið sem er dagþjónusta fyrir fatlaða aldraða. Við förum og tókum viðtöl annarsvegar við tvo forstöðuþroskaþjálfara sem starfa í búsetumálum og eru með mikla reynslu af að vinna með Down's Alzheimers-sjúka og hinsvegar eru viðtöl við aðstandenda Styrktarfélag vangefinna, Svæðisskrifstofu Reykjavíkur og Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi.